



SORPA bs.
b.t. Björn Halldórssonar
Gylfaflöt 5
112 Reykjavík

Reykjavík 29. júní 2015

Efni: Meðhöndlun sérsafnaðs lífræns úrgangs frá Reykjavík

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar fer með úrgangsmálin fyrir hönd borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur síðan 2013 unnið að gerð aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum til ársins 2020. Áætluninni er ætlað að skerpa á þeim þáttum sem koma fram í Svæðisáætlun sveitarfélagana á suðvesturlandi um meðhöndlun úrgangs 2009-2020, auka gegnsæi og yfirsýn yfir málaflokkinn og auðvelda skipulagningu og forgangsröðun verkefna sem ráðast skal í. Í bréfi umhverfis- og skipulagssviðs dags. 15. maí sl. var óskað eftir umsögn SORPU bs. um drög aðgerðaáætlunarinnar. Í framhaldi funduðu forsvarsmenn SORPU bs. og stýrihópur á vegum Reykjavíkurborgar sem vann drögin þann 23. júní sl. Talin er ástæða sé til að vekja athygli á að í drögum að aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í úrgangsmálum kemur fram að borgin ætlar að bjóða íbúum sínum upp á sérsöfnun á lífrænum úrgangi fyrir árið 2020.

Magn heimilisúrgangs í Reykjavík hefur minnkað undanfarin ár og endurvinnsla og endurnotkun í borginni aukist en umtalsvert magn af lífrænum efnum fellur til sem þarf að meðhöndla. SORPA bs. vinnur að byggingu gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi skv. eigendasamkomulagi SORPU bs. sem undirritað var í október 2013. Framkvæmdin er mikilvægur áfangi á leið sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu að hætta urðun lífræns úrgangs fyrir árið 2020 eins og gildandi svæðisáætlun gerir ráð fyrir. Tilkoma stöðvarinnar mun einnig vera liður í að uppfylla markmið sem koma fram í gildandi Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024 um að heildarurðun skuli vera undir 5% af tilfallandi úrgangi eftir 2025.

Reykjavíkurborg hyggst bjóða íbúum sínum upp á að flokka og skila lífrænum úrgangi til endurvinnslu eftir að gas- og jarðgerðarstöðin hefur verið byggð og miðar því við árin 2019-2020 í því sambandi. Ákvörðun um sérsöfnun lífræns úrgangs byggir annarsveggar á að gæði moltu sem verður til úr sérsöfnuðum lífrænum úrgangi er betri en þeirri sem unnin er úr blönduðum úrgangi og því eru nýtingarmöguleikar hennar fleiri. Hinsveggar byggist ákvörðunin á að flokkun og skil til endurvinnslu hvetur til breyttar neysluhegðunar eða meðvitundar um úrgang og þar með úrgangsfornara eins og úrgangstilskipun Evrópusambandsins nr. 2008/98/EB og 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs segir til um. Þar segir að meðhöndlun úrgangs og setningu reglna um stjórnun og stefnu í úrgangsmálum skuli forgangsráða þannig að fyrst komi úrgangsfornir.

Í minnisblaði SORPU bs. unnið af Mannviti dags. 9. maí 2014 er gert ráð fyrir að fyrirhuguð gas- og jarðgerðarstöð geti tekið við hvort sem er blönduðum úrgangi eða flokkuðum lífrænum úrgangi. Reykjavíkurborg er upplýst um að ef markmið sveitarfélagana um að hætta að urða lífrænan úrgang á að ná fram að ganga verður fleira að koma til en sérsöfnun á lífrænum úrgangi og meðhöndlun hans því lífrænn úrgangur mun áfram verða hluti af blandaða úrganginum þrátt fyrir sérsöfnun. Því er hagur af því að stöðin geti tekið við blönduðum úrgangi til jafns við sérsafnaðan lífrænan úrgang og nýti lífræn efni sem þar eru eins og fyrirætlanir SORPU bs. standa til.



Í kjölfar niðurstöðu kærunefndar útboðsmála þann 27. mars sl. í máli Íslenska gámafélagsins/Metanorku vegna gas- og jarðgerðarstöðvar hefur SORPA bs. nú ráðist í gerð þarfagreiningar og vinnur nú að útboði á tæknilausn fyrir gas- og jarðgerðarstöðina. Vill umhverfis- og skipulagssvið beina því til SORPU bs. við val á tæknilausn að áfram verði gert ráð fyrir að lausnin hafi þann sveigjanleika sem þarf til að hægt verði að meðhöndla blandaðan úrgang og sérsafnaðan lífrænan úrgang aðskilið í þeim ferlum sem búnir verða til í kringum fyrirhugða gas- og jarðgerðarstöð, hvort sem er í móttökustöðinni í Gufunesi eða í stöðinni sjálfri.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,

Eygerður Margrétardóttir deildarstjóri umhverfis- og úrgangsstjórnunar.